3
27. mars

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1925.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 27. mars 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

4
4. maí

LÖG

um

viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þeim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheimilt að gera út hjeðan eða nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabil að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sjer stað.

2. gr.

Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, haldast óbreytt.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál,

4. gr. 4
Lög þessi öðlast þegar gildi. 4. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborgarhöll, 4. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG 5
4. maí

um

fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.
Á Spáni og Ítalíu skal vera fiskifulltrúi, sem atvinnumálaráðherra skipar.

2. gr.
Laun fiskifulltrúans greiðast að þriðjungi úr ríkissjóði, en hinn hluta launanna greiða Landsbankinn og Íslandsbanki, að helmingi hvor.

3. gr.
Landsstjórnin ákveður launaupphæðina með samningi, að fengnum tillögum bankanna, og sá hlutinn, sem ríkissjóður á að greiða, skal tekinn upp í fjárlög.

4. gr.
Landsstjórnin gefur fulltrúanum erindisbrjef og ákveður starfssvið hans.